

**Nd.**

### **133. Nefndarálit**

um frv. til laga um framlenging á gildi laga nr. 49 7. apríl 1936, um frestun á framkvæmd 2. og 3. málsgr. 62. gr. 1. nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Í 62. gr. laga nr. 26/1936 er það lagt í vald hverjum embættismanni eða barnakennara, sem yngri eru en 40 ára, að hætta greiðslu til lífeyrissjóðs embættismanna eða barnakennara, en í þess stað verða þeir tryggingarskyldir hjá Lífeyrissjóði Íslands. Þeir, sem nota þessa heimild, eiga að fá iðgjöld sín endurgreidd úr hlutaðeigandi sjóði, án vaxta.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er farið fram á það, að framkvæmd þessarar heimildar til að flytja tryggingu sína yfir í Lífeyrissjóð Íslands, en endurheimta jafnframt iðgjöld sín, verði frestað.

Það er vitað, að trygging þeirra, sem greiða iðgjöld í Lífeyrissjóð embættismanna, er mjög dýr, sem sé 7% af föstum launum þeirra, og er það hærra iðgjald en greiða bæri í Lífeyrissjóð Íslands.

Þessi greiðsla í Lífeyrissjóð embættismanna kemur auk þess sérstaklega hart niður á þeim, sem taka laun sín samkv. launalögum, og verður afleiðingin einnig sú, að greiðslan kemur misjafnlega niður. Þetta misrétti kemur sérstaklega hart niður á starfsmönnum símans, en sú starfsmannastétt er hinsvegar mjög fjölmenn. Þessir starfsmenn verða að greiða iðgjöld af sínum föstu launum, en sú iðgjaldagreiðsla verður hinsvegar — eins og ég gat um að framan — misjöfn vegna þess, að sumt af starfsfólki símans tekur laun sín samkv. launalögum, en sumt hinsvegar samkv. samningum við simastjórnina. Iðgjaldagreiðsla til Lífeyrissjóðs embættismanna verður því starfsfólki símans yfirleitt allt of dýr, og það er þess vegna ósannjarnt að krefjast þess, að það haldi áfram að greiða til Lífeyrissjóðs embættismanna, þó að lögin hinsvegar hafi ætlað til, að þetta starfsfólk, sem aðrir, gætu greitt iðgjald til Lífeyrissjóðs Íslands. Það virðist því sanngjarnast, að leyfa þessu fólk að velja um, eins og gert er ráð fyrir í lögum, auk þess sem vitað er, að margir af starfsmönnum pósts notuðu sér heimild 62. gr. laganna og endurheimtu iðgjöld sín áður en lög n. 49/1936 gengu í gildi, og virðist ekki nema réttmætt, að jafnt sé látið ganga yfir starfsfólk símans og pósts.

Ég legg því til, að frumvarpið sé felld, og leyfi mér jafnframt að vísa til bréfs starfsfólks símans, sem prentað er hér á eftir sem fylgiskjal, svo og símskeyta starfsfólks síma á Akureyri, Siglufirði og Vestmannaeyjum, sem einnig eru prentuð sem fylgiskjöl.

Alþingi, 22. marz 1937.

Garðar Þorsteinsson.

#### Fylgiskjal I.

Undirritað starfsfólk símans óskar eindregið eftir að hafa frítt val samkv. 62. gr. tryggingarlaganna, um hvort það kaupir sér lífeyri í Lífeyrissjóði embættismanna eða Lífeyrissjóði Íslands, og skorar á Alþingi að samþykkja ekki framkomið frumvarp um að fresta framkvæmd þessa ákvæðis í tryggingarlögum. Í þessu sambandi viljum við benda á, að flestir starfsmenn póstsins og nokkrir starfsmenn í stjórnarráðinu munu á síðastliðnum vetri hafa fengið iðgjöld sín endurgreidd samkvæmt 62. gr. hinna nýju tryggingarлага.

Reykjavík, 22. marz 1937.

64 nöfn.

### Fylgiskjal II.

Undirritað starfsfólk símans óskar eindregið eftir að hafa fritt val skv. 62. gr. tryggingarlaganna um það, hvort það kaupir sér lífeyri í Lífeyrissjóði embættismanna eða Lífeyrissjóði Íslands og skorar á Alþingi að samþykkja ekki framkomið frumvarp um að fresta framkvæmd þess ákvæðis tryggingarlaganna.

Akureyri, 22. marz 1937.

9 nöfn.

### Fylgiskjal III.

Undirritað starfsfólk símans óskar eindregið eftir að hafa fritt val skv. 62. gr. tryggingarlaganna um það, hvort það kaupir sér lífeyri í Lífeyrissjóði embættismanna eða Lífeyrissjóði Íslands og skorar á Alþingi að samþykkja ekki framkomið frumvarp um að fresta framkvæmd þess ákvæðis tryggingarlaganna.

Síglufirði, 22. marz 1937.

5 nöfn.

### Fylgiskjal IV.

Undirritaðir starfsmenn símans óska eindregið eftir að hafa fritt val skv. 62. gr. tryggingarlaganna um það, hvort þeir kaupa sér lífeyri í Lífeyrissjóði embættismanna eða Lífeyrissjóði Íslands og skora á Alþingi að samþykkja ekki framkomið frumvarp að fresta framkvæmd þess ákvæðis tryggingarlaganna.

Vestmannaeyjum, 22. marz 1937.

2 nöfn.